

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.06.2015
Málalykill	00.86
Mál nr.	1505179

Garðabær 25. júní 2015

Hr. Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar

Bréf þetta varðar launakjör stjórnenda (skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar) við grunnskóla bæjarins. Kjarasamningur skólastjórna hefur nú verið laus frá 31. maí, en í júní 2014 samþykktu skólastjórnendur kjarasamning til eins árs enda var þá óljóst hvort kennarar samþykktu nýtt vinnumat og hversu miklar breytingar það fæli í sér varðandi vinnu skólastjórna.

Samkvæmt formanni félagsins Svanhildi Ólafsdóttur þá er staða kjaraviðræðna við skólastjórnendur óviðunandi. Aðstæður í kjaraviðræðum á almenna og opinbera markaðnum hafa sett okkar mál á bið og ekki er líklegt að farið verði í frekari viðræður fyrr en í ágúst. Samninganefnd SNS telur lítið hægt að aðhafast vegna forsenduákvæða í samningum á almenna markaðnum.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu afleit sú staða er að skólastjórnendur fari samningslausir inn í ágústmánuð þegar vinnumat kennara kemur til framkvæmda. Mikið álag hefur verið á skólastjórnendum samfara nýju vinnumati og hefur vorönnin einkenst af erfiðu starfsumhverfi og óöryggi innan kennarahópsins sem eðlilega reynir mjög á stjórnendur. Nú er launaumhverfið í grunnskólunum með þeim hætti að í sumum tilvikum þá eru stjórnendur með lægri laun en undirmenn þeirra. Við slíkt verður ekki unað og gera þarf verulegar lagfæringar á launum stjórnenda til að ásættanlegt verði. Ekki er óeðlilegt að einhverjir stjórnendur séu þegar að hugsa sér til hreyfings vegna þessa og óviðunandi launakjara almennt.

Við skólastjórnendur í grunnskólum Garðabæjar förum þess á leit við bæjaryfirvöld að þau beiti sér fyrir nýjum kjarasamningi, hvort sem er í samfloti með öðrum sveitarfélögum eða með sérstökum samningi við skólastjórnendur Garðabæjar áður en nýtt skólaár hefst.

Við eru reiðubúin til viðræðna nú þegar við bæjaryfirvöld með eða án aðkomu samninganefndar SNS.

f.h. Skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra og annarra starfsmanna í SÍ í grunnskólum Garðabæjar

Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri Garðaskóla
Helgi Grímsson skólastjóri Sjólandsskóla
Margrét Harðardóttir skólastjóri Hofsstaðaskóla
Ólöf S. Sigurðardóttir skólastjóri Flataskóla
Sveinbjörn M. Njálsson skólastjóri Álfthanesskóla